

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

101 Reykjavík

Efni:

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttektir í grunnskólum borgarinnar - R19050085***

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttektir í grunnskólum borgarinnar.

**Fyrirspurn:**

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um úttektir á grunnskólum borgarinnar sem framkvæmdar hafa verið, hvenær og á hvaða skólum aðrar en sjálfsúttektir. Hér er verið að spyrja um úttektir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum. Óskað er yfirlits yfir gerðar úttektir og upplýsingar í samantektarformi um hverja og eina síðustu 10 árin. Úttekt á skólum borgarinnar er afar mikilvægar fyrir alla hlutaðeigandi aðila til að hægt sé að fá það staðfest að verið sé að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið. Aftur er ítrekað að hér er ekki verið að spyrja um sjálfsmatsúttektir.

**Svar:**

Reykjavíkurborg hefur framkvæmt ytra mat á grunnskólum borgarinnar frá árinu 2007. Í lok árs 2013 höfðu allir grunnskólar í Reykjavík verið metnir einu sinni með hliðsjón af gæðaviðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslur ytra mats Reykjavíkurborgar 2007-2013 eru aðgengilegar opinberlega [hér](#) en þar má m.a. lesa greiningu og niðurstöður ytra mats þeirra skóla sem voru metnir. Úttekt á skólanámskrá hefur verið hluti af ytra mati á grunnskólum borgarinnar frá upphafi matsins.

Annar matshringur ytra mats í grunnskólum Reykjavíkurborgar hófst 2014 og í lok árs 2018 höfðu um 42% grunnskóla í Reykjavík verið metnir aftur. Skýrslur skólanna sem fóru í ytra mat, ásamt umbótaáætlunum sem ákveðið hefur verið að birta frá árinu 2017, eru opinberar [hér](#). Frá árinu 2014 var greining og niðurstöður matsins settar fram á myndrænan hátt með litamynd auk texta þar sem styrkleikar og tækifæri eru skilgreind.

Reykjavíkurborg hefur notað gæðaviðmið við mat á skólum borgarinnar frá árinu 2007. Árið 2009 tóku Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, þar sem verkefnisstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar var m.a. fulltrúi, upp samstarf um að móta hugmynd um reglubundið ytra mat á öllum grunnskólum að teknu tilliti til grunnskólalaga. Í [skýrslu](#) faghóps um málið kemur fram að við vinnu hans voru

ýmis verkefni skoðuð í tengslum við ytra mat. Það verkefni sem mest var litið til við mótun tillögu faghópsins var heildarmat á grunnskólum í Reykjavík en Reykjavík er fyrsta sveitarfélagið sem framkvæmir heildstætt ytra mat á öllum sínum grunnskólum og jafnframt það fyrsta til að þróa leiðir til að meta kennsluhætti. Námsmatsstofnun, síðar Menntamálastofnun, hóf síðan mat á grunnskólum út frá gæðaviðmiðum í tilraunaverkefni á vorönn 2012, en að því verkefni loknu voru viðmiðin og ferli matsins yfirfarin og síðar notuð við mat á 51 grunnskóla á landinu öllu árin 2013-2018, að Reykjavíkurborg undanskilinni.

Árið 2017 var ákveðið að fara í endurskoðun ytra mats og gæðaviðmiðum við það. Menntamálastofnun hélt utan um þá vinnu en skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar átti tvo fulltrúa í þeirri vinnu. Reykjavíkurborg og Menntamálastofnun byggja nú á sömu [gæðaviðmiðum](#) sem voru gefin út árið 2018, en meginstef þeirra eru að ytra mat sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skólastarfi. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á grunnskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi gæðaviðmiðum. Grunnskólar sem metnir eru árlega eru valdir af sérstakri verkefnisstjórn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga en ytra mat á grunnskólum hefur verið samstarfsverkefni þeirra frá 2012, að undanskilinni Reykjavíkurborg sem hefur ekki fengið ytra mat frá Námsgangastofnun eða Menntamálastofnun. Menntamálastofnun hefur staðfest að það ytra mat sem skóla- og frístundasvið gerir á starfsemi grunnskóla borgarinnar sé sambærilegt við það ytra mat sem stofnunin gerir á grunnskólum utan borgarinnar. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kallar jafnframt eftir ýmsum gögnum frá grunnskólunum sem hluta af eftirlitsskyldu skóla- og frístundaráðs með grunnskólum borgarinnar. Starfsáætlanir grunnskólanna eru t.a.m. kallaðar inn árlega og metnar samkvæmt þar til gerðum gátlista til að kanna hvort starfsáætlanirnar séu í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu borgarinnar um skólastarf. Skólarnir fá svo afrit af gátlistunum sem þeir geta nýtt til að gera úrbætur á starfsáætlunum.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs